

50  
30. apríl

## Auglýsing

Hjermeð auglýsist, að gefnu tilefni, að reglugjörð um ráðstafanir til að tryggja verslun landsins frá 3. október 1918, er í gildi þangað til öðruvísi verður ákveðið.

Í stjórnarráði Íslands, 30. apríl 1919.

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

51  
1. maí

## Reglugjörð

um breyting á reglugjörð um bólusetningar og bóluskoðanir  
22. okt. 1902.

1. gr.

Fyrri málsgrein 5. gr. orðist þannig:

Hjeraðslæknir skal því næst skrifa til gömlu lyfjabúðarinnar í Reykjavík á þessa leið:  
»Í hjeraði mínu á að bólusetja . . . börn á komanda sumri, og beiðist jeg þess, að mjer verði sent bóluefni með póstskipi (landpósti), sem á að fara frá Reykjavík . . . .  
d. mán. . . . 19 . . .«

2. gr.

17. gr. orðist þannig:

Ef að hjeraðslæknir verður þess var, — a) að bóluefnið hefir ekki tilætlaða verkun, svo að bólan kemur ekki út á börnum, sem frumbólusett eru, eða — b) að börn verða alvarlega veik eftir bólusetninguna, þá skal hann tafarlaast gjöra landlækni aðvart um það símleiddis og nefna nr. á bóluefninu (»úr kálfi nr. . . .«).

3. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

**I dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 1. maí 1919.**

**Sigurður Jónsson.**

*Björn Þórðarson,*  
settur.